

Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 14. janúar 2019

Mætt: Sigríður Þrúður, Signý, Helga, Bergrún, Anna Rós, Fjóla og Björg.

Dagskrá:

1. Farið yfir stöðu á reikningi félagsins – enn á rúmlega helmingur foreldra eftir að greiða félagsgjöld. Ákveðið að senda út áminningu.
2. Jólafundur gert upp. Gekk nokkuð vel.
3. Foreldrarölt rætt – hefur gengið ágætlega – er í augnablikinu í höndum 10. bekkjar. Framundan: Vorhátíð – á eftir að finna dagsetningu í samráði við skólann.
4. Rætt um Mentor og hvort upplýsingar þar væru aðgengilegar og skýrar. Rætt hvort eigi að bjóða upp á kynningu/námskeið fyrir foreldra, hugsanlega strax í haust.
5. Umræða um skipun bekkjarfulltrúa. Ein aðferð (sem annars staðar hefur gefist vel) er að skipa fulltrúa – frá 1. bekk og upp úr – spurning um að reyna það í haust. Mikilvægt er að móta stefnu og halda vel utan um – til að skipta verkum.
6. Öryggismál í skólanum rædd, s.s. klemmuvarnir og hitastig á vatni.
7. Rætt um styrk foreldrafélagsins til skólans vegna vínlskera eða þrívíddarprentara.
8. Frá skólaráðsfundi: niðurstöður frá skólapúlsinum jákvæðar gagnvart nýja hópakerfinu á unglíngastiginu.
9. Frá Samkópsfundi:
 - um byggingu Kársnesskóla – virðist ekki verða tilbúin fyrr en eftir 5 ár (lesið úr fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar) – fyrirspurn mun verða lögð fyrir menntaráð.
 - Vilji fyrir því að innleiða markvissar forvarnir (í samráði við menntaráð) – þar sem allir (starfsmenn, nemendur og foreldrar) fái sömu fræðslu á sama tíma.
 - Úttekt á spjaldröðunvæðingu.
 - ýmsar hugmyndir fyrir foreldrafélög rædd.

Næsti fundur 18. feb 2019.

Fundi slitið.

Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 18. febrúar 2019

Mætt: Signý, Helga, Bergrún, Anna Rós, Fjóla og Björg.

Dagskrá:

1. **Vorhátíð:**

Tillaga að dagsetningu; 4. júní. Eins og í fyrra verður hún góðgerðardagur og haldin sameiginlega af foreldrum og skólanum. Virkja þarf miðstigsforeldra í undirbúningsnefnd.

2. **Eineltisumræða**

Hugmynd um að fá fræðslu um einelti (ferli, farveg mála og eineltisáætlun almennt) sem viðbót á fimmtudaginn næstk. Þegar Erlendur sálfræðingur verður með fund fyrir foreldra.

3. Framundan er Samkópsfundur hjá Menntasviði Kópavogs. Stjórnin þarf að senda fulltrúa. Ákv. síðar.

4. **Kaffispjall skólastjóra:** Almenn ánægja með framtakið þrátt fyrir slaka mætingu hjá sumum árgöngum. Ábending: láta fundina byrja á sama tíma og viðkomandi árgangur.

Fundi slitið.

Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 1. apríl 2019

Mætt: Sigríður Þrúður, Helga, Bergrún, Anna Rós, Fjóla og Björg.

Dagskrá:

1. **Vorhátíð:**
Dagsetning samþykkt (4. júní). Ákveðið að senda erindi til miðstigsforeldra til að virkja undirbúningsnefnd.
2. **Dagsetning fyrir aðalfund ákveðin:** 15. maí. fyrir aðalfund. Ákveðið var að bjóða upp á fræðsluerindi í leiðinni: Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsóknum og greiningu fengin.
3. **Rútustyrkir f. 7., 9. og 10. bekk.** Rætt um hvort ætti að hækka styrkinn.
4. **Umræða um matarmál í skólanum:** Einhver óánægja virðist vera með matinn. Sendum erindi til skólastjóra.
5. **Umferðarmál:** ákveðið var að senda erindi til bæjaryfirvalda (bæjarstjóra) vegna öryggismála við gangbrautir:
 - a) Skólagerði/Borgarholtsbraut
 - b) umferðarljós Borgarholtsbraut/Urðarbraut
 - c) gangbraut á Urðarbraut
 - d) undirgöng/brú undir Kársnesbraut.
6. **Vegna foreldrarölt.** Fram kom á Samkópsfundi: Kópavogsbær óskar eftir upplýsingum um foreldrarölt. Framvegis verður skráning rafræn:
www.samkop.is/roltskyrsla
Halda þarf áfram að minna foreldra á röltið!

Fundi slitið.

Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 8. maí 2019

Mætt: Sigríður Þrúður, Bergrún, Anna Rós, Fjóla, Signý og Björg. Aðrir: Björg skólastjóri, Kennari (Guðný myndlistarkennari) og tveir úr vorhátíðarnefnd

Dagskrá:

1. **Vorhátíð:**

Kynning á hátíðinni í fyrra. Samstarf ákveðið. Skólinn mun skipuleggja stöðvar.

Foreldrafélagið:

- Pantar hoppukastala og finnur foreldra til að vinna.
- Finnur styrki fyrir veitingum.

Undirbúningsfundur verður haldinn 20. maí.

2. Málfejnið sem styrkt verður: ákveðið í næstu viku. Foreldrafélagið mun einnig styrkja nemendur/málfejni hátíðarinnar.
3. Gera þarf auglýsingu – bæði á heimasíðu Kársnesskóla og „event“ til að deila á facebooksíðum árganga.
4. Framundan: Aðalfundur: 15. maí. Auglýsa betur.
5. Tekin ákvörðun um að styrkja skólann um kaup á vínillskera.
6. Fréttir frá *Samkóp*: sameiginlegur fundur með röltstjórum Kópavogs, lögreglu og Menntasviði Kópavogs verður haldinn 16. maí í Smáraskóla. Á næsta ári mun Kópavogsbær borga fyrir fræðslufyrirlestra.
7. Bréf vegna umferðaröryggismála í vinnslu og verður sent á næstu dögum til bæjaryfirvalda.
8. **Rútustyrkir f. 7., 9. og 10. bekk.** Ákveðið að hækka upp í 2000 kr.

Fundi slitið.